

Notendahandbók fyrir Mentor - Aðstandendur –

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:8b0685ba-f78f-4b69-82cb-19d816de33a9?viewer%21megaVerb=group-discover> Fyrstu leiðbeiningar
<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:d485bbab-0ba1-4976-b602-93b4a50ab651/?annonBboxWorkflow=true&viewer%21megaVerb=group-discover> Handbókin í heild sinni



Minn mentor

Stillingar - Skráður inn í gegnum vefinn smellir þú á nafnið þitt í hægra horninu og velur Stillingar. Skráður inn með appinu smellir þú á punktana þrjá í hægra horninu.

Persónuvernd - stillingar - Gert með því að smella á reitina með tölunni 0 og þá breytist dálkurinn, verður fjólublár og sýnir töluna 1. Þegar breytingarnar hafa verið vistaðar verða upplýsingarnar sýnilegar öðrum.

Ath! Ef nafn aðstandanda er ekki haft sýnilegt á bekkjarlistanum geta aðrir aðstandendur **EKKI** sent póst á viðkomandi í gegnum tengiliðalistann í Minn Mentor t.d. ef foreldrar senda út afmælisboð. Netföng aðstandenda eru **aldrei** sýnileg öðrum, aðeins möguleikinn senda póst er til staðar.

14:06

<< PERSÓNUVERND

Leyfi til að geyma notandanafn

Leyfa birtingu á kennitölunni minni með villuskilaboðum

✓

Persónuvernd

✓ Vista

Birting á bekkjarlista hjá:

Katrín Jónsdóttir

Hér stjórnar þú hvaða upplýsingar aðrir aðstandendur sjá um þig í bekkjarlistanum. Til að sjá hvernig upplýsingarnar þínar birtast getur þú farið á bekkjarlista barnsins þíns og smellið á nafn þess.

Nafn

1

Heimilisfang

1

Farsímanúmer

1234567

Heimasími

1

Persónuverndarstefna

Persónuverndarstefna Mentors er aðgengileg hér.

Tilkynningar í Minn Mentor – stillingar

Aðstandendur fá upplýsingar um nýjar færslur í Mentor eins og t.d. um nýtt námsmat, heimavinnu, ástundunarskráningu o.fl. með því að smella á bjölluna efst á síðunni í Minn Mentor.

Aðstandendur geta sjálfir stillt hvaða tilkynningar þeir vilja fá með því að smella á Tilkynningar í símann í appinu eða Smelltu á tilkynningar á vefnum. Ef þú vilt ekki fá tilkynningar þá skaltu afhaka það sem þú vilt ekki fá upplýsingar um.

Ath! Ef þú ert með stillt á að fá tilkynningar en færð þær ekki, kannaðu þá hvort innri stilling í símanum þínum sé nokkuð með lokað fyrir tilkynningar. Til þess ferðu í stillingar (settings) í símanum þínum, opnar appið og athugar hvernig stillingar fyrir tilkynningar (notifications) fyrir þetta tiltekna app er í símanum.

<< TILKYNNINGAR Í SÍMANN

Smelltu á tilkynningar - Bergur Bjartsson

Verkefni

Tilkynna mér þegar styttest í skiladag verkefna

✓

Foreldraviðtöl

Tilkynna mér þegar opnað er fyrir bókun viðtala

✓

Ástundun

Tilkynna mér um ástundunarskráningu

✓

Vikuáætlun

Tilkynna mér um skráningar í vikuáætlun

✓

Yfirlit dagsins

Senda mér daglega yfirlit af nýjustu færslum

✓

Með því að opna stillingar fyrir tilkynningar getur notandi stillt hvaða tilkynningar hann vill fá t.d. verkefni, foreldraviðtöl, ástundun o.fl.

info mentor

11 Kolbrún Jónsdóttir

NÝJAR FÆRSLUR

A

Nýtt námsmat

Samfélagsgreinar | 09.12.19

NÝTT

A

Nýtt námsmat

Íslenska | 05.12.19

NÝTT

Document

Verkefni ólokið

Samfélagsgreinar | 01.12.19

NÝTT

Document

Verkefni ólokið

Samfélagsgreinar | 26.11.19

NÝTT

A

Nýtt námsmat


Íslenska | 25.11.19

NÝTT


HREINSA LISTA

Athugið að ef þú ert aðstandandi fleiri en eins nemanda þarft þú að stilla hvaða tilkynningar þú vilt fá hjá hverju barni fyrir sig.

Minn Mentor - Flísar Húnaskóla



Flísar



Stundaskrá - stundatafla nemandans

Ástundun - Hér sést ástundun nemandans en einnig hægt að tilkynna veikindi hér inni.

Tengiliðir - Starfsmanna- og bekkjarlisti (munið eftir persónustillingunum ykkar)

Námsmat - Hægt að skoða aftur í tímann með því að velja skólaár

Mín mappa - Dagbókarfærslur eru undir þessari flís - hér eru t.d skráð óæskileg hegðun sem á sér stað í skóla.

Flísar



Upplýsingaveita

Upplýsingaveita - Hér inni eru t.d. Föstudagsfréttir sem taka nú alfarið við af Föstudagspóstinum sem umsjónarkennarar senda flesta föstudaga (enginn póstur sendur þá). Póstur sendur vegna viðburða á uppbrotisdögum.

Námslotur - Hér eru kennsluáætlanir sýnilegar. Kennurum stóð til boða að setja inn Lotu fyrir alla haustönnina eða nokkrar lotur fyrir haustönnina sem taka við hver af annarri.

Verkefni - Einstaka kennarar gera undirverkefni undir Námslotum og birtast þau þá hér.

Dagatal - Hér inni er Skóladagatal Húnaskóla og einstaka viðburðir bekkja eins og bekkjarkvöld. Hér inni eru einnig **heimavinnuáætlanir. Foreldrum yngri nemenda ráðlagt að fara hér inn vikulega en foreldrum eldri nemenda, unglinga 7. - 10. bekk, bent á að hvetja sína unglinga til að fara inn á dagatalið daglega.**



Dagatal

Tölvupóstur - Foreldrar fá pósta frá kennurum og/eða skólastjórnendum t.d. um sérstaka viðburði.